

HÚSÖNDIN

32. tbl. 3.árg.
8. september 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 9. – 15. SEPTEMBER

9.9. Pálmi John Þórarinnsson

11.9. Þorlákur Páll Jónsson, Sigurður Erlingsson

13. 9. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Lúðvík Ragnar Friðriksson

Ólöf Kristín Lin Örnólfsdóttir

15.9. Logi Arnarson

Leirmótun



Þekkingarnet

Þingeyinga

Leirmótun 16 klst - Listasmiðjan á Laugum í Reykjadal

Þátttakendur læra helstu grunnaðferðir í mótun leirs. Við vinnum með höndunum og styðjumst við helstu aðferðir sem eru notaðar við að byggja upp viðfangsefnið, t.d. pylsutækni og plötutækni.

Á verkstæðinu eru líka til gísmót sem hægt er að byggja upp skálar af ýmsum stærðum. Farið er í gegnum eðli leirsins og hvernig ferlið er frá mótun til brennslu og glerjunar.

Námskeiðið er einstaklingsmiðað þannig að þátttakendur byrja þar sem þeir eru staddir og eru hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum sem við í sameiningu finnum farveg fyrir. Unnið er með steinleir, hann glerjaður eða notaðir sérstakir leirlitir sem henta vel til skreytingar.

Námskeiðsdagar: Sun 27/9, 11/10, 25/10, 8/11, 22/11 kl. 9-12.

Allt efni innifalið, 5 kg steinleir, leirlitir, glerungar og brennsla.

Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara; anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.

Verð 38.000.-

Athugið með endurgreiðslu hjá ykkar stéttarfélagi, núna stendur yfir fræðsluátak hjá mörgum Fræðslusjóðum til áramóta vegna covid, þar sem hægt er að fá allt að 90% endurgreiðslu.

Gífs- og steypunámskeið

Gífs og steypunámskeið 16 klst. Listasmiðjunni á Laugum í Reykjadal

Nýtt námskeið í Listasmiðjunni á Laugum. Þátttakendur læra að búa til opin gísmót sem þeir steypa svo í með fljóttandi steinleir. Farið verður yfir skreytingatækni og unnið með leirliti á nýsteypta hluti, sem eru svo glerjaðir í lok námskeiðs. Kostur að hafa farið á leirmótunarnámskeið áður. Námskeiðið er jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Námskeiðsdagar: Sun 27/9 kl. 13-16, Lau 10/10, 24/10, 7/11, 21/11 kl. 9-12.

Allt efni innifalið, gíps fyrir 2-3 mót (fer eftir stærð), steypuleir (8l.), leirlitir og glerungur.

Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara; anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.

Verð 40.000.-

Athugið með endurgreiðslu hjá ykkar stéttarfélagi, núna stendur yfir fræðsluátak hjá mörgum Fræðslusjóðum til áramóta vegna covid, þar sem hægt er að fá allt að 90% endurgreiðslu.


6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFST
ÞRIÐJUDAGINN 15. SEPTEMBER

JÓGA Í SEIGLU

Hver tími byggir á öndun, jógaflæði og djúpri slökun (jóga nidra).

Nidra merkir svefn og eru þáttakendur leiddir í djúpt slökunarástand handa skilningarvitanna. Æfingarnar og slökunin hjálpa til við að losa um spennu og hindranir hugans sem geta aftrað okkur í daglegu lífi.

Námskeiðið hentar fyrir byrjendur og lengra komna.



TÍMI: ÞRIÐJUDAGAR KL. 17-18:15

STAÐUR: SEIGLA

**KENNARI: HULD HAFLIÐADÓTTIR, JÓGAKENNARI OG
JÓGA NIDRA LEIÐBEINANDI**



Þekkingarnet
Þingeyinga

**SKRÁNING: WWW.HAC.IS EÐA Í HAC@HAC.IS
ÞÁTTTAKENDUR ERU BEÐNIR UM AÐ HAFNA MEÐ
SÉR DÝNU (EF ÞEIR EIGA), TEPPI OG LÍTINN PÚÐA.
VERÐ: 15.000 KR.**